

**Nd.**

**184. Breytingartillögur**

[29. mál]

við frv. til laga um Grænlandssjóð.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist þannig:

Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari samskiptum Íslendinga og Grænlandinga.

2. Upphaf 3. gr. orðist þannig:

Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1981 og 1982 125 milljónir kr. hvort ár.

3. 4. gr. orðist þannig:

Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins má jafnóðum breyta í grænlandskan gjaldyri.